



Fundur skólaráðs Myllubakkaskóla 13. desember 2010 kl.16:00

Mætt voru: Steinar Jóhannsson, Stefán Már Sigurðarson, Grazyna Wróblewska, Hrafnhildur H. Ólafsdóttir, Ingólfur Matthíasson, Svana A. Daðadóttir og Júlíus Friðriksson og Stefán Jónsson. Steinar var fundarstjóri.

1. Farið yfir síðustu fundargerð. Ingólfur las fundargerðina.
2. Stefán Már sagði að Jólalabingóíð hafi gengið mjög vel. Söfnun vinninga gekk líka vel og það var góð mæting. Fullt hús var á Mylluvisjón og það gekk mjög vel. Sjoppan stóð sig vel. Stefán Már sagði að á miðvikudaginn verður jólaball haldið í Stapanum en jólaball 5.- 7. bekkjar féll niður af óviðráðanlegum ástæðum.
3. Ingibjörg Jenný var ekki mætt og frestað umfjöllun um námskeið.
4. Júlíus sagði frá starfi foreldrafélagsins. Í félaginu starfa átta foreldrar. (meðfylgjandi ljósrit frá formanni með yfirliti um hvað gert hefur verið).
5. Steinar sagði frá því sem er að gerast í skólanum þessa síðustu daga fyrir jólin. Stefán húsvörður og Steinar hafa verið að skoða sófa sem boðið er uppá uppi á flugvelli (Ásbrú). Valtímum er að ljúka og flestir nemendur eru að klára sex tíma og eiga því eftir fjóra tíma. Ný býti eru að koma í gagnið eftir áramót. Framundan er námsmat sem fer fram í janúar. Hrafnhildur og Grazyna lýstu ánægju sinni yfir umbunardögum hjá 7.bekk. Samræmdu prófin eru komin í hús og verða afhent foreldrum á foreldradaginn.
6. Önnur mál. Ingólfur sagði frá kakói og smákökum sem boðið var uppá. Steinar sagði frá nýjungum í jólagjöf fyrir yngri nemendur, það verður keypt fyrir hópinn. Sagt frá þeim frábæra sið að senda jólakort til aldraðra.

Næsti fundur verður 17.janúar kl.16:00.